



1. bekkur

Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6-9 kennslustundir

Kennari: Elsa Sif Guðmundsdóttir og María Paloma Ruiz Martinez

Námsefni

Markviss málörvun, *Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þóroddsdóttir*. Við lesum A, *Björgvin Jósteinsson, Helga Magnúsdóttir, Þóra Kristinsdóttir*. Það er leikur að læra, *Ragnheiður Gestsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir*; Skrift 1, *Björgvin Jósteinsson, Kristbjörg Eðvaldsdóttir og Þórir Sigurðsson*. Foræfingar, stafablöð, stafabækur, Sögubókin mín, Lestrarbækur við hæfi hvers og eins og lestrarefni af vefnum 123skoli.is.

Kennsluaðferðir

Námsefnið í Markvissri málörvun felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik, það miðar að því að brúa bilið á milli talmáls og ritaðs máls. Leikurinn er notaður til að ná athygli nemendanna og vekja áhuga þeirra um leið og leikþörf þeirra er mætt.

Aðaláherslan í lestri er lögð á hljóðaaðferð sem felur í sér að nemendur læri hljóð stafanna og geti síðan tengt þau saman í orð. Sum orð eru kennd sem heilar orðmyndir. Unnið er eftir lestrarkennsluefninu um hann Omma sem er hluti af verkefninu Vörður og vegvísir.

Í skrift og ritun er í fyrstu lögð áhersla á þjálfun fínhyfinga og frumatriða skriftar með ýmsum foræfingum. Lögð er áhersla á að börnin haldi rétt á skriffærum, temji sér snyrtileg vinnubrögð og sitji rétt við skriftir. Bókstafirnir eru kenndir með tengikrókum. Börnin semja frásagnir og ljóð með aðstoð kennara.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Allir bókstafir í íslenska stafrófinu Hljóð og gerð Hlustun Hljóðgreining Orðaforði Sögugerð Lestur Tjáning Orð, setningar og málsgreinar Rím Ljóð og söngtextar Bókasafn Orðaleikir	<ul style="list-style-type: none">• temji sér að hlusta af athygli• geti sagt frá upplifun, atburði eða sögu• geti hlustað á upplestur, t.d. nestissaga• geti horft á atriði á samstund• læri að tengja hljóð stafanna saman og lesa þannig einföld orð• lesi léttan texta• læri að lesa úr myndrænni framsetningu svo sem sjónrænni stundatöflu, hugarkorti, einföldum myndaspjöldum• lesi 60 atkvæði á mínútu að vori• læri að þekkja heiti og hljóð allra stafa• læri að fara á bókasafn og velji sér bók við hæfi• dragi rétt til stafs• læri skriftaráttina• láti stafina sitja rétt á línu• geti skrifað einfaldar málsgreinar og sett saman í frásögn• geti skrifað eftir forskrift• geti lesið eða sagt frá eigin verkefnum• auki orðaforða• geti skrifað einfaldar málsgreinar og sett saman í frásögn• geti lesið eða sagt frá eigin verkefnum• geti sagt frá upplifun, atburði eða sögu• þekki bókstafi og hljóð og geti staðsett þau í orði• geti sett saman/greint í sundur samsett orð úr tveimur orðum



- | | |
|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• geti rímað einföld orð |
|--|--|

Námsmat

Kunnátta nemenda á bókstöfum verður könnuð og lestrarprófað að vori. Í skrift eru vinnubrögð í skriftarbókum, á stafablöðum og öðrum skriflegum verkefnum höfð til viðmiðunar þegar kunnátta nemenda er metin.

Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir

Kennari: Elsa Sif Guðmundsdóttir og María Paloma Ruiz Martinez

Námsefni

Eining 1 og 2, *Silla Balzer Petersen, Arne Mogensen, þýðandi: Svanhildur Kaaber, Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir staðfærðu og sömdu viðbótarefni; Sproti 1a, 1b, 2a (æfingahefti), Björnar Alseth, Henrik Kirkegaard og Mona Rosseland, Hanna Kristín Stefánsdóttir staðfærði; Vasareiknir 1, Ingibjörg Þorkelsdóttir, þrautalausnir og ljósritað efni.*

Kennsluaðferðir

Eitt viðfangsefni er tekið fyrir hverju sinni þar sem nemendur vinna einstaklingslega eða í hópum.

Nátúrulegar tölur, tölutáknin 0 – 100, hugtökin og tákni $>$ $<$ $=$ $+$ og talnalínan. Athugun á formum og mynstri. Mengi og rökfræði, S og Ó fullyrðingar, fleiri en, færri en og jafn margir. Lögð verður áhersla að brjóta upp hefðbundna stærðfræðikennslu með verklegum æfingum og hlutbundinni vinnu og að tengja viðfangsefnið umhverfinu. Til dæmis verður unnið með stærðfræðikubba, rökkubba, spil og pinnabretti.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Tölurnar 0-100 Talning Talnaskilningur Samlagning Frádráttur Flokkun Mynstur Súlurit Talnálína og –röð Form Pörun Orðadæmi Einfaldar jöfnur Mælingar	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið upplýsingar úr einföldum myndritum og geti yfirfært einfaldar upplýsingar í myndrit• geti útskýrt leiðir að svörum• geti leyst einföld orðadæmi með einni reikniaðgerð• venjist ýmsum hjálpargögnum í stærðfræði s.s. talnagrind, talnáló, einfestukubbum, einingakubbum, talnaböndum, vasareiknum o.fl.• læri tölustafina 0-100• læri að skrifa tölustafina 0-100• þekki reiknitákinn $+ - = > <$• þekki hugtökin jafnt og, meira en og minna en, tugur og eining• kunni að nota viðeigandi mælitæki• þekki formin: ferningur, ferhyrningur, þríhyrningur, rétthyrningur og hringur• þjálfir form- og rúmskyn• kynnist mælieiningunum, cm, m, g, kg, dl, l og• vinni með mynstur og geti áttað sig á reglu• geti fundið eina óþekkta stærð í einföldu dæmi

Námsmat

Að vori verður færni nemenda könnuð.



Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 1-2 kennslustundir

Kennari: Elsa Sif Guðmundsdóttir og María Paloma Ruiz Martinez

Námsefni

Sögurammar: Skólinn minn og Jakob og Jóakim; *Björg Eiríksdóttir*; bókin Um mig og þig, *Jóhanna Einarsdóttir*, *Ragnheiður Hermannsdóttir*; Komdu og skoðaðu líkamann, *Gunnhildur Óskarsdóttir*, *Ragnheiður Hermannsdóttir*; Aðgát í umferðinni, *Ásta Egilsdóttir*, *Jóhanna Karlsdóttir* og efni úr ýmsum áttum.

Kennsluaðferðir

Í samfélagsfræði er unnið mikið með söguramma. Nemendur vinna skapandi vinnu sem samþættast við hinar ýmsu námsgreinar. Þeir vinna verkefni bæði einir og í hópum og þjálfa þannig samvinnu, sjálfstæði og frumkvæði.

Áætlun

Efnispættir	Nám sviði mið Nemandinn:
Tilfinningar	<ul style="list-style-type: none">• beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
Líðan	<ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir að engir tveir eru eins
Félagsfærni	<ul style="list-style-type: none">• temji sér hjálpssemi, tillitssemi og samkennd
Líkamsvitund	<ul style="list-style-type: none">• þekki líkama sinn
Slökun	<ul style="list-style-type: none">• geti sagt frá eigin styrkleikum
Núvitund	<ul style="list-style-type: none">• þekki aðferðir til að vinna úr mismunandi líðan
Hugleiðsla	<ul style="list-style-type: none">• geti áttað sig á mismunandi tilfinningum
Skólafærni	<ul style="list-style-type: none">• geti farið eftir reglum



Útivera	• geti tekið þátt í umræðum
Samkennd	• geri sér grein fyrir að einstaklingar og umhverfi þeirra geti verið ólíkt
Virðing	
Sjálfsvitund	• þekki aðferðir til að slaka á
Reglur	• þekki aðferðir til að leysa ágreiningsmál
Sjálfs hjálp	• þekki aðferðir til að láta sér líða betur
Hreyfipjálfun – ýmiskonar upplifun á náttúru, veðri og vindum.	• auki hreyfifærni sína og jafnvægi við ólíkar aðstæður
Veðurfar og áhrif mannsins á t.d. vind	• njóti náttúrunnar í mismunandi veðri og á mismunandi stöðum
Áferð, kuldi, hiti	• geri sér grein fyrir áhrifum manns á veðurfar, t.d. skjól og klæðnaður
Þol	• fái að finna á eigin skinni mismunandi áferð, kulda og hita úti í náttúrunni
Sjálfsáskorun	• auki þol
Líkaminn	• þekki helstu líffæri
Fjölskyldan	• þekki hlutverk beinagrindar
Næring	• þekki mikilvægi góðrar næringar
Svefn	• þekki mikilvægi góðrar hvíldar
Tilfinningar	• geti tjáð tilfinningar sínar
Heilbrigði	• geri sér grein fyrir að fjölskyldur geta verið ólíkar
Umferðarreglur	• þekki helstu hluta líkamans
Leiðin í og úr skóla	• efli sjálfsvitund sína
Reiðhjólahljálmur	• þekki helstu umferðarreglur
Jól	• fari með gát í nærumhverfi sínu
Páskar	• viti mikilvægi þess að nota reiðhjólahljálma
	• þekki helstu hátíðir í lúterskri trú

Námsmat

Fylgst er með nemendum að störfum og hæfileiki nemenda til samvinnu skoðaður.



Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 1-2 kennslustundir

Kennari: Elsa Sif Guðmundsdóttir og María Paloma Ruiz Martinez

Námsefni

Vettvangsathuganir og verkefni úr ýmsum áttum, bæði úr bókum og af veraldarvefnum.

Kennsluaðferðir

Í náttúrufræði verður leitast við að styrkja og viðhalda forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu og leyfa þeim að takast á við nýjar aðstæður og viðfangsefni. Í athugunum sínum skoða börnin t.d. lífverur, gróður og vatn.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Mannslíkaminn	<ul style="list-style-type: none">• þekki helstu fugla í nærumhverfi• þekki nærumhverfi sitt• þekki árstíðirnar og einkenni þeirra• geri sér grein fyrir hringrás vatns
Árstíðirnar	
Höfuðáttirnar	
Náttúran eftir árstíðum	
Fjaran	
Fuglar	
Umhverfisvernd	
Flokkun sorps	
Veðurfar	
Veðurorð	



Námsmat

Fylgst verður með nemendum að störfum og hæfileiki þeirra í samvinnu skoðaður.

Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: Lilja Íris Gunnarsdóttir og Þórður G. Pétursson

Kennsluaðferðir

Íþróttá- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfipörf barna er mikil og í íþróttá- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfipörfinni, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið íþróttá- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfipjálfun með áherslu á leiki, stöðvaþjálfun, hringþjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Kynning verður á knattleikjum. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum og sundi þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mikilvægt er að allir fari í sturtu eftir hvern tíma.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Íþróttir: <ul style="list-style-type: none">• barnaleikir• grunnþjálfun• fimleikar• frjálsíþróttir• knattleikir	<ul style="list-style-type: none">• efla líkams- og félagsþroska.• auki þol, kraft, snerpu og liðleika.• efla tjáningu og sköpun.



<ul style="list-style-type: none">• badminton• dans• útikennsla <p>Sund:</p> <ul style="list-style-type: none">• ganga, hoppa, hlaupa, stökkva, kasta, grípa og snerta• öndunaræfingar• kafa, fljóta á kvið og baki, rennsli á kvið og baki• skólabaksund og bringusund og bak- og skriðsundsfætur• leikir sem stuðla að því að venjast vatninu og að nemendum líði vel í því• flugsundsfætur	<ul style="list-style-type: none">• geti gert marglyttuflot og rétt úr sér og flotið• geti sett andlit í kaf, spyrnt frá bakka og látið sig renna• geti hoppað af bakka• geti synt 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja• geti synt 10 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja• geti synt 8 metra skriðsundsfótatök, armar teygðir fram, með eða án hjálpartækja
--	--

Námsmat

Námsmat sem byggist á símati kennarans allan veturinn í færni, virkni, áhuga og framkomu. Nemendur fá skriflegar umsagnir. Sundstigi lokið/ólókið.



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund eða eftir þörfum

Kennari: Ragnheiður Líney Pálsdóttir

Námsefni

Frjáls hugbúnaður, öpp, netið og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit. Nemendur læra að nýta hugbúnað við einfalda forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.• geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði• nýti sér rafrænt og gagnvirkt námsefni,• nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna• geti notað einfaldan hugbúnað• geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.



	<ul style="list-style-type: none">• geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.
--	---

Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Textímennt

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustundir á viku allan veturinn.

Kennari: Elsa Sif Guðmundsdóttir

Námsefni

Aðallega er stuðst við efni frá kennara. Einnig er stuðst við erlend hannyrða- og textílbækur og blöð.

Kennsluaðferðir

Við innlögn verkefna er notast við útlistunarkennslu og síðan einstaklings innlögn. Einnig er notuð bein kennsla með áherslu á að virkja og skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir Áhöld Textílefni Hugmynd Skissa Skreyting Textílvinna Tegundir Handverk Hugtök Einfaldleiki	<ul style="list-style-type: none">• geti saumað eftir einföldum línum• geti útbúið smá hlut• geti sett saman liti að eiginvali• geti unnið með ólík efni textíls• geti fundið eiginleika íslensku ullarinnar• geti saumað einfalt spor

Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á vinnusemi, áhuga, framkomu og hvernig nemandi fylgir fyrirmælum.



Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 1 tími á viku allan veturinn

Kennari: Sigríður Valdimarsdóttir og María Paloma Ruiz Martinez

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu eru notaðar ýmsar listaverkabækur, netsíður, barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlistunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslur á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með línur, form og liti
Litafræði	<ul style="list-style-type: none">• geti búið til myndur með náttúruna sem kveikju
Formfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti notað umhverfið í myndsköpun
Myndbygging	<ul style="list-style-type: none">• geti skapað rými í myndverk
Myndverk	<ul style="list-style-type: none">• geti byggt upp myndir með for- og bakgrunn
Tjáning	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með stærðir og hlutföll í myndsköpun
Tilfinningar	<ul style="list-style-type: none">• geti búið til tvívíða og þrívíða hluti
Skoðanir	<ul style="list-style-type: none">• geti notað hugtök í samræðum um myndgerð



Hugmyndaheimur	<ul style="list-style-type: none">• geti komið hugmyndum sínum í mynd• geti fjalla um eigin verk og annarra
Vinnuferli	
Hugmynd	
Kveikja	
Hugtök	
Aðferðir	
Samtal	
Myndmál	
Umhverfi	
Tilgangur	

Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.

Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir, aðra hverja viku.

Kennari: Hildur Guðbrandsdóttir

Námsefni

Gott og gaman eftir Guðrúnu Marie Jónsdóttur og Steinunni Þórhallsdóttur.



Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 3 , kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum. Einnig vinnum við í vinnubók.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hvað er heilbrigður lífsstíll? Fæðu- hringurinn Hreinlæti Almenn þrif Örverur Læsi á uppskriftir Áhöld og mælitæki Vinnubrögð/ leikni Öryggisatriði í eldhúsi og slyshættur Samvinna Leiðir til sparnaðar Flokkun Borðald	<ul style="list-style-type: none">• læri að jafnvægi sé á milli svefns, hreyfingar og mataræðis. Að velja heilbrigðan lífsstíll• læri um 6 flokka fæðuhringsins sem eru kjöt/fiskur, grænmeti, ávextir, kornflokkur, mjólkurflokkur og fituflokkur• læri hvers vegna hreinlæti er nauðsynlegt• læri að handþvottur sé nauðsynlegur áður en byrjað er að vinna í eldhúsi• læri rétt vinnubrögð við uppvaskefni og viti muninn á tusku og viskastykki og læri að brjóta saman þvott• læri að ganga frá eftir sig eftir vinnu í eldhúsi• læri um örverur, skaðsemi þeirra og gagnsemi• læri að fara vel með hráefni og nýtingu þess• þjálfist í að lesa uppskriftir• þjálfist í að nota og þekkja helstu mælitæki og áhöld sem notuð eru• þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru• læri góð vinnubrögð og þjálfist í að vinna sjálfstætt• þjálfist í að skera, saxa, flysja, sjóða, steikja, vigta, hnoða og fletja út• læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys með því að læra á ofna, helluborð, rafmagnstæki og þeim áhöldum sem notuð eru við eldhússtörf



Matarmenning	<ul style="list-style-type: none">• læri að góð samvinna er mikilvæg, bæði í kennslustofu sem inni á heimili• læri um hagsýni til að spara, bæði orkusparnað sem og nýtingu matvæla• þjálfist í að flokka sorp á heimilum og í kennslustofu• þjálfist í að leggja á borð, noti hnífapör rétt, temji sér kurteisi, tillitsemi og góða borðsiði• læri um helstu hátíðir Íslendinga sbr. jól, páska• fræðist um þjóðlegan mat
--------------	---

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem metnir verða þættirnir: Vinnubrögð/leikni nemanda, samvinna nemanda við aðra, sjálfstæði í vinnubrögðum, framkoma og hegðun, frágangur og þrif, verkefnabók metin.



Tónmennt

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Ívar Sigurbergsson

Námsefni

Sérunnið efni frá kennara á lausum blöðum sem nemendur halda til haga í vinnubókum. Ýmis konar margmiðlunarefni eins og stafrænar glærur, kynningarmyndbönd og námsefni á vef. Bækur: Hallfríður Ólafsdóttir 1964 Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina / Reykjavík : Mál og menning, 2008.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á hrynjálfun, söng, hlustun og að kynnast helstu skólahljóðfærunum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hlustun Sköpun Flutningur	<ul style="list-style-type: none">• geti þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.• geti tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt• geti beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng• geti leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.

Námsmat

Umsögn verður gefin fyrir virkni í tímum og áhuga. Nemendur halda til haga vinnubók með þar til gerðum verkefnum, sem höfð eru til hliðsjónar við námsmat.